



236. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSí, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, laugardaginn 10. október 2015 kl. 09:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Helga Steinunn Guðmundsdóttir varaforseti, Sigríður Jónsdóttir ritari, Örn Andrésson, Hafsteinn Pálsson, Gunnlaugur Júlíusson, Ingi Þór Ágústsson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Guðmundur Ágúst Ingvarsson, Þórey Edda Elísdóttir 1. varamaður, Lilja Sigurðardóttir 2. varamaður, Jón Finnbogason 3. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.

Forföll boðuðu: Gunnar Bragason gjaldkeri og Garðar Svansson

Þetta gerðist:

Dagskrá:

1. Smáþjóðaleikar 2015

Fjárhagslegt uppgjör er nánast tilbúið og skýrslan frá leikunum er vel á veg komin.

2. Ólympísk málefni

Örn Andrésson fór yfir það helsta varðandi ólympísk verkefni. Afreks- og Ólympíusvið ÍSí hefur verið að funda með sérsamböndum undanfarið og m.a. kannað stöðu afreksstefna sérsambanda og hvort að skil á þeim hafi átt sér stað.

YOG í Lillehammer 2016

Lögð fram tillaga Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí um að Örvar Ólafsson verði aðalfararstjóri á leikunum. Tillagan samþykkt samhljóða.

3. Formannafundur 2015

Formannafundur ÍSí fer fram 27. nóvember næstkomandi en staðsetning hefur ekki verið endanlega ákveðin.

Líkur eru á því að óformlegur fundur íþróttahéraða verði einnig þennan sama dag en dagskrá þess fundar er í mótun.

4. Afreksmiðstöð

Forseti skýrði frá fundi sínum með Íþróttabandalagi Reykjavíkur og niðurstöðum þess fundar. Fulltrúar Fjármálaráðs ÍSí hafa farið yfir fjárhagsáætlanir verkefnisins. Nokkrar umræður urðu um næstu skref.

5. Samningur ÍSí og Flugfélags Íslands

Samningsdrög liggja nú fyrir og stefnt er að því að skrifa undir samninginn eftir helgi. Tvö prósent hækkun er á fargjöldum en á móti kemur að lækkun hefur orðið á eldsneytisverði og því er mjög lítil hækkun á ÍSí fargjöldum á milli samninga. Framkvæmdastjóra gefin heimild til að undirrita samninginn.

6. Norrænn fundur íþróttá- og ólympíusamtaka

Helga Steinunn Guðmundsdóttir varaforseti, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri, Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sóttu norrænan fund íþróttá- og ólympíusamtaka í Álaborg 25.-27. september sl. Einnig sóttu þau norræna íþróttaráðstefnu sem haldin var í tengslum við fundinn og skipulögð var af Norðurlandaráði.

Helga Steinunn skýrði frá því helsta sem fram kom á fundunum.

7. Íþróttamaður ársins 2015

Sameiginlegt hóf ÍSÍ og Samtaka íþróttáfréttamanna verður haldið 30. desember næstkomandi, að öllum líkindum í Gullhömrum í Grafarholti.

8. Heiðranir

Engar tilnefningar að heiðrunum lágu fyrir.

9. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 235. fundur framkvæmdastjórnar
- 13., 14. og 15. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ
- Fundir Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ frá 15. september og 8. október 2015
- Fundir Afrekssjóðs ÍSÍ frá 11. september, 29. september, 30. september og 9. október 2015. **Eftirfarandi styrkveitingar samþykktar:**

SKY, v/fræðslu og fagteymis

Afrekssjóður ÍSÍ leggur til við framkvæmdastjórn ÍSÍ að SKY hljóti styrk að upphæð kr. 200.000,- vegna fræðslu og fagteymis á árinu 2015.

HSÍ v/U19 karla

Afrekssjóður ÍSÍ leggur til við framkvæmdastjórn ÍSÍ að HSÍ hljóti styrk að upphæð kr. 1.000.000,- vegna árangurs U19 karla á árinu 2015.

SSÍ v/boðssundssveitar / JGG og BRH

Afrekssjóður ÍSÍ leggur til við framkvæmdastjórn ÍSÍ að SSÍ hljóti styrk að upphæð kr. 500.000,- vegna boðssundssveitar með áherslu á þá aðila sem ekki njóta nú þegar styrkja frá Afrekssjóði ÍSÍ.

FSÍ v/Norma Dögg Róbertsdóttir

Afrekssjóður ÍSÍ leggur til við framkvæmdastjórn ÍSÍ að FSÍ hljóti hækkun á einstaklingsstyrk vegna Normu Daggar Róbertsdóttur, þannig að í stað eingreiðslustyrks að upphæð kr. 300.000,- hljóti hún B-styrk að upphæð kr. 1.440.000,- á árinu 2015. Er um að ræða hækkun á styrk um kr. 1.140.000,- og gildir styrkveitingin því frá 1. janúar 2015 til loka árs.

KRA

Afrekssjóður ÍSÍ leggur til við framkvæmdastjórn ÍSÍ að KRA hljóti viðbótarstyrk vegna landsliðsverkefna að upphæð kr. 200.000,- í ljósi árangurs og verkefna framundan. Heildarupphæð til KRA vegna landsliðsverkefna á árinu 2015 yrði þá kr. 700.000,-.

- Fundur Fjármálaráðs ÍSÍ frá 8. október 2015.

10. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

11. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Forseti og framkvæmdastjóri ákveða dagsetningu næsta fundar framkvæmdastjórnar og senda út fundarboð þegar dagsetning liggur fyrir. Stefnt er að því að funda einnig daginn fyrir Formannafund, þ.e. 26. nóvember nk.

12. Önnur mál

Engin önnur mál lágu fyrir.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari